

Borgum við Norðurslóð  
600 Akureyri  
Sími 460-8900 Fax 460-8919  
rha@unak.is  
<http://www.rha.is>



**ÁHRIF INNKÖLLUNAR AFLAHEIMILDA  
Á STÖÐU  
ÍSLENSKRA SJÁVARÚTVEGSFYRIRTÆKJA**

*Maí 2010*

Stefán B. Gunnlaugsson

Ögmundur Knútsson

Jón Þorvaldur Heiðarsson

R09042SJA



***Skýrsla unnin fyrir starfshóp sem skipaður var af  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til að endurskoða  
fyrirkomulag fiskveiðistjórnunar***



## EFNISYFIRLIT

	Bls.
<b>1. HELSTU NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>4</b>
<b>2. INNGANGUR</b> .....	<b>5</b>
<b>3. VIÐSKIPTAUMHVERFIÐ</b> .....	<b>6</b>
3.1. ÞRÓUN AFLA .....	6
3.2. ÞRÓUN AFLAVERÐS .....	9
3.3. ÞRÓUN Á VERÐMÆTI ÚTFLUTTRA SJÁVARAFURÐA .....	10
3.4. ÞRÓUN Á FJÖLDA STARFA .....	11
3.5. STÆRÐ FLOTANS .....	12
3.6. ÞRÓUN Á GENGI .....	13
3.7. MARKAÐSTENGL OG VERÐMÆTASKÖPUN .....	14
3.8. ÞRÓUN Á KVÓTAVERÐI .....	17
<b>4. ÞRÓUN Á REKSTRI OG EFNAHAG</b> .....	<b>18</b>
4.1. REKSTRARYFIRLIT FISKVEIÐA .....	18
4.2. REKSTRARYFIRLIT FISKVINNSLU .....	19
4.3. DREIFING HAGNAÐARHLUTFALLS .....	21
4.4. ÞRÓUN EFNAHAGS .....	22
4.5. ÞRÓUN Á SKULDASTÖÐU .....	25
4.6. SKULDASTAÐA STÆRSTU FYRIRTÆKJANNA .....	27
4.7. GETA GREINARINNAR TIL AÐ STANDA UNDIR SKULDUM.....	28
<b>5. ÁHRIF INNKÖLLUNARLEIÐARINNAR</b> .....	<b>32</b>
5.1. SVIÐSMYND A, ALLUR INNKALLAÐUR KVÓTI SETTUR Á UPPBOÐ .....	32
5.2. SVIÐSMYND B OG C.....	37
5.3. SVIÐSMYND D .....	39
5.4. ÁHRIF INNKÖLLUNAR Á FÉLÖG Í ERFIÐRI STÖÐU .....	40
5.5. HÆGARI INNKÖLLUN .....	41
5.6. ÓVISSA OG ANNMARKAR.....	41
<b>6. NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>43</b>
<b>HEIMILDIR</b> .....	<b>45</b>

## MYNDIR

	Bls.
Mynd 1. Þróun heildarafla íslenskra fiskiskipa 1991-2008. (Heimild: Hagstofan og Fiskistofa)	
.....	6
Mynd 2. Þróun heildarafla íslenskra fiskiskipa í þorskígildum 1991-2008. (Heimild: Sjávarútvegsmiðstöð Háskólans á Akureyri)	8
Mynd 3. Þróun afla íslenskra fiskiskipa í þorskígildum þegar honum er skipt eftir helstu flokkum fisktegunda. (Heimild: Sjávarútvegsmiðstöð Háskólans á Akureyri)	8
Mynd 4. Þróun afurðaverðs sjávarafurða í SDR 1991-2009. (Heimild: Hagstofan)	9
Mynd 5. Þróun á verðmæti útfluttra sjávarafurða í SDR 1991-2008. (Heimild: Hagstofan)	10
Mynd 6. Þróun á fjölda ársverka í íslenskum sjávarútvegi 1991-2008. (Heimild: Hagstofan)	
.....	11
Mynd 7. Þróun á veiddum þorskígildum á hvert starf 1991-2008. (Heimild: Hagstofan og Sjávarútvegsmiðstöð Háskólans á Akureyri)	12
Mynd 8. Þróun á stærð skipaflotans samanlagt í brúttótonnum og afli aðalvéla í kW 1999-2009. (Heimild: Hagstofan)	13
Mynd 9. Þróun á raungengi íslensku krónunnar 1991-2009. (Heimild: Seðlabankinn)	14
Mynd 10. Virðisikeðja þorsksveiða, -vinnslu og markaðssetningar	15
Mynd 11. Þróun á verði aflahlutdeildar þorsks 1995-2010. (Heimild: Sjávarútvegsmiðstöð Háskólans á Akureyri)	17
Mynd 12. Þróun á EBITDA- og hagnaðarhlutfalli íslenskra fiskveiða 1997-2008. (Heimild: Hagstofan)	19
Mynd 13. Þróun á EBITDA- og hagnaðarhlutfalli íslenskrar fiskvinnslu 1997-2008. (Heimild: Hagstofan)	21
Mynd 14. Þróun á helstu skuldakennitölum íslensks sjávarútvegs 1997-2008. (Heimild: Hagstofan)	25
Mynd 15. Nettóskuldir/EBITDA nokkurra fyrirtækja og íslensks sjávarútvegs. (Heimildir: Heimasíður fyrirtækjanna, Kauphöll Íslands og Hagstofan)	27
Mynd 16. Virði kvóta og innköllunarhlutfall þegar núvirt er með 7% ávöxtunarkröfu.	33
Mynd 17. Þróun á „auðlindagjaldi“ við 20 ára innköllun og mismundandi „auðlindagjald“.	38

## TÖFLUR

Bls.

Tafla 1. Þróun helstu stærða rekstrarreiknings fiskveiða 1997-2008 í millj. SDR á meðalgengi hvers árs. (Heimildir: Hagstofan og Seðlabankinn) .....	18
Tafla 2. Þróun helstu stærða rekstrarreiknings fiskvinnslu 1997-2008 í millj. SDR á meðalgengi hvers árs. (Heimildir: Hagstofan og Seðlabankinn).....	20
Tafla 3. Dreifing hagnaðarhlutfalls íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja eftir tekjum fyrirtækjanna 2001-2008. (Heimild. Hagstofan) .....	22
Tafla 4. Þróun helstu stærða efnahagsreiknings íslensks sjávarútvegs 1997-2008 í millj. SDR á árslokagengi hvers árs. (Heimildir: Hagstofan og Seðlabankinn) .....	23
Tafla 5. Dreifing eiginfjárlutfalls íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja í árslok 2008. (Heimild: Hagstofan) .....	25
Tafla 6. Skuldastaða tuttugu stærstu íslensku sjávarútvegsfélaganna og mat okkar á getu þeirra til að standa undir núverandi skuldastöðu. ....	28
Tafla 7. Yfirlit yfir fjárhagsstöðu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja.....	31
Tafla 8. Yfirlit yfir áhrif 5% innköllunar á efnahagsreiknings dæmigerðs félags í góðri stöðu. ....	33
Tafla 9. Yfirlit yfir áhrif 5% innköllunar á efnahagsreikning dæmigerðs félags í erfiðri stöðu. ....	35
Tafla 10. Áhrif 20 ára innköllun á getu íslenskra félaga til að standa undir núverandi skuldum. ....	36
Tafla 11. Áhrif 20 ára innköllunar á getu íslenskra félaga til að standa undir núverandi skuldum ef kvótanum er endurúthlutað á 20 kr./þíg eða 50 kr./þíg.....	39
Tafla 12. Áhrif 20 ára innköllunar á getu íslenskra félaga til að standa undir núverandi skuldum ef helmingur af kvótanum er settur á uppboð en afgangur boðinn núverandi kvótahöfum á 20 kr./þíg .....	40
Tafla 13. Yfirlit yfir áhrif mismunandi sviðsmynda á þau sjávarútvegsfyrirtæki sem flokkast í erfiðri stöðu. ....	41

## 1. HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Skuldir íslenska sjávarútvegsfyrirtækja hafa aukist mikið síðustu ár. Í árslok 1997 voru nettóskuldir íslensks sjávarútvegs samkvæmt tölum Hagstofunnar 892 millj. SDR sem þá var 87 ma. ISK. Í árslok 2008 voru nettóskuldir íslensks sjávarútvegs samkvæmt sömu heimildum 2.473 millj. SDR sem þá var 465 ma. ISK. Þetta er því 437% hækkun eða rúmlega 5 földun á skuldum í ISK en 177% hækkun í SDR. Því er ljóst að efnahagsleg staða greinarinnar hefur stórversnað á þessu tímabili. Við áætlum að 8%-12% af aflaheimildum (og þá tekjum) sé nú hjá félögum sem eru í óviðráðanlegri skuldastöðu. Félög í erfiðri stöðu áætlum við að hafi 45%-50% af aflaheimildum. Félög í góðri stöðu áætlum við að séu með 30%-35% af aflaheimildum og skuldlaus félög, þ.e. félög sem hafa engar nettóskuldir, teljum við að þau séu með 8%-12% af aflaheimildum.

Innköllun aflaheimilda hefur mikil áhrif á rekstur og efnahag íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja. Það er niðurstaða okkar að innköllun aflaheimilda á 20 árum leiði til gjaldþrots sjávarútvegsfyrirtækja sem ráða yfir 40%-50% af aflaheimildum og eru þau samsvarandi hlutfall af tekjum greinarinnar. Þessi félög eru í dag í erfiðri stöðu en eiga sæmilega möguleika á að standa undir núverandi skuldum. Staða þeirra verður hins vegar vonlaus strax og innköllunarleiðin er farin. Hins vegar þola sjávarútvegsfyrirtæki sem ráða yfir 38%-45% aflaheimilda 20 ára innköllun. Efnahagsleg staða þeirra er það sterk að þau þola að núverandi aflaheimildir séu innkallaðar á 20 árum. Það sem eftir stendur af íslenskum sjávarútvegi 8%-12% af aflheimildum og tekjum greinarinnar er núna í óviðráðanlegri stöðu. Þau verða áfram í óviðráðanlegri stöðu, reyndar verri við 5% árlega lækkun núverandi aflaheimilda.

Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki þola það almennt ef innköllun aflaheimilda er útfærð þannig að innkallaður kvóti verði seldur á 20 kr. hvert þorskígildi til núverandi handhafa fiskveiðiheimildanna. Vegna eðlis innköllunarinnar er þessi gjaldtaka lítil til að byrja með en eykst eftir því sem tíminn líður. Hins vegar þolir greinin illa ef þetta gjald er 50 kr. á hvert þorskígildi af innkölluðum kvóta. Félög í erfiðri stöðu ráða yfirleitt ekki við svo hátt gjald og leiðir það til gjaldþrots þeirra.



## 2. INNGANGUR


Þessi greinargerð er unnin fyrir starfshóp sem skipaður var af sjávarútvegsráðherra til að endurskoða fyrirkomulag fiskveiðistjórnunarinnar. Aðalhöfundur greinargerðarinnar er Stefán Bjarni Gunnlaugsson en meðhöfundar eru dr. Ögmundur Knútsson og Jón Þorvaldur Heiðarsson. Allir eru höfundar lektorar við viðskiptadeild Háskólans á Akureyri en Jón er einnig sérfræðingur á RHA.

Markmið þessarar greinargerðar er að leggja mat á áhrif hinnar svokölluðu innköllunarleiðar, sem felst í hægfara innköllun núverandi aflaheimilda, á stöðu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja. Áhrif innköllunarleiðarinnar á fjárhagstöðu stærstu fyrirtækjanna er rannsökuð auk þess sem lagt er mat á áhrif innköllunar aflaheimilda á stöðu greinarinnar í heild.

### 3. VIÐSKIPTAUMHVERFIÐ

#### 3.1. Þróun afla

Fiskafli íslenskra skipa hefur farið minnkandi síðustu áratugin. Þetta sést vel á mynd 1 en hún sýnir þróun á afla íslenskra fiskiskipa frá 1991-2008. Myndin sýnir að aflinn var mestur árin 1996, 1997 og 2002 en þá fór aflinn yfir 2 millj. tonna. Minnstur var aflinn 1991 þegar hann var einungis rétt rúmlega 1 millj. tonn og 2008 þegar hann var rúmlega 1,2 millj. tonna. Sveiflur í heildarafla hafa að mestu verið vegna mikilla sveiflna í loðnafla. Mestur loðnafla var þau ár sem heildarafla var mestur, en þau ár fór loðnaflinn yfir 1 millj. tonna.




Mynd 1. Þróun heildarafla íslenskra fiskiskipa 1991-2008. (Heimild: Hagstofan og Fiskistofa)

Það er alvarlegt að þorskaflinn – sem er mikilvægasti fiskistofninn – hefur farið jafnt og þétt minnkandi. Árið 1991 var þorskafla Íslendinga 306 þúsund tonn en hann hefur minnkað nokkuð stöðugt síðan. Aflinn var minnstur 2008 þegar hann var einungis 151 þúsund tonn. Afli annarra mikilvægra botnfisktegunda (ýsu, ufsa og karfa) hefur ekki náð að vega upp minni þorskafla. Veiðar Íslendinga á ýsu hafa aukist verulega en þær voru aðeins 53 þúsund tonn 1991 en voru komnar í 102 þúsund tonn 2008. Hins vegar hafa veiðar á karfa og ufsa minnkað verulega en samtals veiddu Íslendingar 203 þúsund tonn af þessum tveimur fisktegundum 1991 en einungis 146 þúsund tonn 2008. Því hefur íslenskur sjávarútvegur ekki náð að bæta sér upp minni þorskafla með meiri veiðum af öðrum botnfisktegundum.

Afli af grálúðu sem er mikilvæg fisktegund vegna verðmætis hennar hefur farið minnkandi. Aflinn var 35 þúsund tonn 1991 en var einungis 12 þúsund tonn 2008. Gífurlegur samdráttur hefur verið í rækjuveiðum. Árið 1991 voru rækjuveiðar íslenskra skipa 38 þúsund tonn, en þær náðu síðan hámarki 1995 þegar þær voru 76 þúsund tonn. Frá þeim tíma hefur orðið algjört hrun og voru veiðar á rækju á Íslandsmiðum einungis 2 þúsund tonn árið 2008. Alverst hefur þó þróunin verið í veiðum á hörpudiski. Þær voru 10 þúsund tonn 1991 en frá árinu 2003 hafa engar veiðar verið á hörpudiski.


Það hefur vegið nokkuð á móti miklum samdrætti í veiðum á loðnu, þorski og rækju að veiðar hafa hafist á nýjum fisktegundum. Veiðar á kolmunna hófust aftur eftir langt hlé 1995. Þær náðu hámarki 2003 þegar íslensk fiskiskip veiddu 501 þúsund tonn af kolmunna. Árið 2008 veiddu þau síðan 164 þúsund tonn. Veiðar á makríl hófust að einhverju marki 2008 en þá var aflinn 112 þúsund tonn. Mikil aukning hefur verið í síldveiðum en endurkoma norsk-íslensku síldarinnar hefur aukið síldarafla. Árið 1991 var afli íslenskra skipa af síld 78 þúsund tonn en hann var 370 þúsund tonn 2008.

Mynd 2 sýnir þróun á afla í þorskígildum. Þorskígildi er góður mælikvarði á verðmæti mismunandi fisktegunda enda er verðmæti einstakra tegunda sett í samræmi við verðmæti þorsks. Sem dæmi til útskýringar má nefna að þorskígildisstuðull ufsa er nú 0,49. Það þýðir að 2,04 tonn af ufsa (1/0,49) samsvara einu tonni af þorski. Þorskígildi er því einna besti mælikvarðinn á verðmæti aflans. Myndin sýnir þróun á afla í þorskígildum 1991-2008. Hún sýnir aflann bæði með nýjstu þorskígildisstuðlunum og stuðlum hvers árs – en stuðlarnir breytast á hverju ári í takt við mismunandi verðþróun fisktegundanna. Ljóst er að jafn og stöðugur samdráttur hefur verið í afla allt þetta tímabil. Mestur var aflinn 1991 en þá var hann 692 þúsund þorskígildi. Aflinn var minnstur 2008 og var þá einungis 468 þúsund þorskígildi sem er tæplega þriðjungur samdráttur á þessu tímabili.



**Mynd 2. Þróun heildarafla íslenskra fiskiskipa í þorskígildum 1991-2008. (Heimild: Sjávarútvegsmiðstöð Háskólans á Akureyri)**

Á mynd 3 er sýnd þróun á heildarafla íslenskra fiskiskipa eftir helstu flokkum fisktegunda. Þorskurinn er þó tekinn sérstaklega fyrir vegna mikilvægis hans. Myndin sýnir að stærstur hluti lækkunar aflans í þorskígildum er vegna minnkunar á þorskveiðum. Auk þessa minnkar aflinn mældur í þorskígildum vegna hruns í afla í hryggleysingjum þ.e. á rækju og hörpudiski.




**Mynd 3. Þróun afla íslenskra fiskiskipa í þorskígildum þegar honum er skipt eftir helstu flokkum fisktegunda. (Heimild: Sjávarútvegsmiðstöð Háskólans á Akureyri)**

Hins vegar er afli annarra botnfiska en þorsks nokkuð stöðugur þetta tímabil. Afli þeirra var mestur árið 1991 var þá 201 þúsund þíg., náði lágmarki 2001 þegar hann var 137 þús. þíg. og var kominn í 193 þús. þorskígildi 2008.

### 3.2. Þróun aflaverðs

Almennt má segja að verð sjávarafurða hafi heldur hækkað síðustu áratugi að nafnvirði en það hefur ekki hækkað að raunvirði. Þetta sést þegar mynd 4 er skoðuð en hún sýnir þróun á afurðaverði 1991-2009 í SDR að nafnvirði. SDR er skammstöfun á reiknieiningu sem Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn notar. Vægi einstakra mynta í SDR er nú þannig að USD er 45%, EUR 29%, JPY 15% og GBP 11%. Mest hefur verð mjöls og lýsis hækkað en verð þess hefur hækkað um 194% á þessu tímabili. Miklar sveiflur hafa verið í þróun verðs á mjöli og lýsi, verðið hækkaði mikið 1996-1998, en þá hækkaði það tæplega 60%. Lækkaði síðan mikið en hefur farið mjög hækkandi síðustu ár, en frá árinu 2006 hefur það hækkað um 40%. Ástæður meiri hækkana þessa flokks afurða en annarra eru einkum aukin eftirspurn eftir mjöli og lýsi í fóður í fiskeldi.




Mynd 4. Þróun afurðaverðs sjávarafurða í SDR 1991-2009. (Heimild: Hagstofan)

Þróun á verði rækjuafurða sker sig nokkuð úr en rækjuafurðir er eini flokkur sjávarafurða sem hefur lækkað í verði. Frá árinu 1991 til ársins 2009 lækkaði verð þeirra um 13% í SDR. Ástæður þessa eru meiri veiðar og aukning á rækjueldi. Því hefur framboð rækju aukist mun meira en annarra sjávarafurða sem leitt hefur til

verðlækkana. Verð á botnfiski hækkaði á þessu tímabili um 5% að nafnvirði. Verð botnfisks náði hámarki 2008 en lækkaði síðan nokkuð á síðasta ári. Í heildina hefur verð íslenskra sjávarafurða hækkað um 14% í SDR frá árinu 1991 til ársins 2009 að nafnverði. Við áætlum að það samsvari um 20% lækkun að raunvirði þegar tekið er tillit til verðlagshækkana sem hafa verið um 2% á ári á SDR reiknieiningunni

### 3.3. Þróun á verðmæti útfluttra sjávarafurða

Þrátt fyrir mikinn samdrátt í afla hefur verðmæti útfluttra sjávarafurða minnkað lítið. Því hafa nokkrar verðhækkanir afurða að nafnvirði og bætt framleiðslustýring náð að vega upp þriðjungs minnkun á afla. Mynd 5 sýnir þróun á verðmæti útfluttra sjávarafurða í SDR 1991-2008. Á þessu tímabili jókst heildarverðmæti útfluttra sjávarafurða um 34% mælt í SDR. Á þessu tímabili hækkaði verðlag u.þ.b. 40% í SDR þannig að raunlækkun á verðmæti útflutnings er 4%.




Mynd 5. Þróun á verðmæti útfluttra sjávarafurða í SDR 1991-2008. (Heimild: Hagstofan)

Mest aukning hefur verið í útflutningsverðmæti mjöls og lýsis. Ástæður þessa eru þær miklu verðhækkanir sem verið hafa á þessum afurðum. Lítil aukning hefur orðið í vermæti frystra afurða og lítilsháttar minnkun í verðmæti saltaðra afurða.


### 3.4. Þróun á fjölda starfa

Mikil og samfelld fækkun hefur verið á fjölda starfa í íslenskum sjávarútvegi. Þetta sést vel á mynd 6 en hún sýnir þróun á fjölda ársverka í greininni. Í árbyrjun 1991 unnu 14.200 manns í atvinnugreininni og voru 6.200 starfandi við fiskveiðar og 8.000 við fiskvinnslu. Við sjávarútveg störfuðu þá 10,4% af íslensku vinnuafli. Fjöldi starfa náði hámarki árin 1995-1996 þegar 16.000 ársverk voru unnin í greininni. Árið 2008 unnu einungis 7.300 manns í íslenskum sjávarútvegi og störfuðu þá einungs 4,1% af íslensku vinnuafli í greininni. Starfandi fólki í atvinnugreininni hefur því fækkað um 49% á þessu tímabili, 61% fækkun hefur verið í fiskvinnslu en 32% fækkun á sjómönnum.



Mynd 6. Þróun á fjölda ársverka í íslenskum sjávarútvegi 1991-2008. (Heimild: Hagstofan)

Ljóst er að mikil framleiðniaukning hefur orðið í íslenskum sjávarútvegi. Meðan afli hefur minnkað um tæplega þriðjung í þorskígildum hefur störfum í greininni fækkað um helming. Athyglisvert er því að skoða einfaldan mælikvarða á þróun á framleiðni atvinnugreinarinnar. Sá mælikvarði sem við skoðum er þróun afla í þorskígildum á hvert starf. Þróun þessa sést á mynd 7. Myndin sýnir að veruleg framleiðniaukning hefur verið í vinnslunni en engin í veiðunum. Árið 1991 var aflinn 112 tonn af þorskígildum á hvert starf við fiskveiðar en árið 2008 var aflinn 111 tonn af þorskígildum á hvert starf við veiðar. Þetta vekur þá spurningu hvort hagræðingarmöguleikar séu til staðar í veiðum.



**Mynd 7. Þróun á veiddum þorskígildum á hvert starf 1991-2008. (Heimild: Hagstofan og Sjávarútvegsmiðstöð Háskólans á Akureyri)**

Allt önnur þróun hefur verið í fiskvinnslu. Myndin bendir til þess að mikil framleiðniaukning hafi verið í vinnslunni. Árið 1991 var aflinn 87 þorskígildistonn á starf í vinnslunni en var kominn í 151 tonn á hvert starf 2008. Því hefur vinnslan betur náð að bregðast við samdrætti í veiðum en tækninýjungar og fækkun vinnslustöðva hafa stuðlað að þessari miklu framleiðniaukningu.


Enn betri mælikvarði á framleiðniaukningu er verðmæti útfluttra sjávarafurða á hvert starf í sjávarútvegi. Árið 1991 var útflutningsverðmæti á hvert starf um 65 þúsund SDR en árið 2008 var sama tala 170 þúsund SDR. Því hefur framleiðni íslensks sjávarútveg aukist um 160% ef horft er á þennan mælikvarða þetta tímabil sem samsvarar um 86% raunaukningu þegar tekið er tillit til verðlagshækkana.

### 3.5. Stærð flotans

Afli íslenskra fiskiskipa hefur farið minnkandi og því má gera ráð fyrir að stærð fiskiskipaflotans hafi minnkað. Sú hefur líka verið raunin eins og sést á mynd 8 en hún sýnir þróun á stærð skipaflotans 1999-2009. Myndin sýnir að á þessum tíma hefur stærð skipastólsins mæld í brúttótonnum minnkað um 13% en 7% ef samanlagt afl aðalvéla er tekið saman. Fjöldi fiskiskipa var 176 árið 1999 en var kominn niður í 152 árið 2009 sem gerir 20% fækkun fiskiskipa.




Minnkun fiskiskipaflotans hefur ekki verið hraðari en minnkun á afla. Árið 1999 var afli í þorskígildum á hvert brúttótonn fiskiskipastólsins 3,52 tonn en árið 2008 var þessi tala komin niður í 2,93 tonn. Því hefur orðið meiri samdráttur í afla en minnkun á stærð fiskiskipastólsins.



**Mynd 8. Þróun á stærð skipaflotans samanlagt í brúttótonnum og afli aðalvéla í kW 1999-2009. (Heimild: Hagstofan)**

### **3.6. Þróun á gengi**

Miklar sveiflur hafa verið á gengi íslensku krónunnar. Gengi hennar hefur mikil áhrif á afkomu greinarinnar. Þegar krónan veikist þá færast mikið gengistap í rekstrareikningi enda reikningar flestra félaga í íslenskum krónum en skuldir í erlendum gjaldmiðlum. Hækkun eða lækkun skulda í íslenskum krónum færast því í rekstrarreikning. Auk þessa hafa sveiflur á gengi áhrif á framlegð (EBITDA) íslenskra sjávarúrvegsfyrirtækja. Allar tekjur eru í erlendum gjaldmiðlum en hluti gjalda í íslenskum krónum. Því eykst framlegð nokkuð þegar krónan veikist.



Mynd 9. Þróun á raungengi íslensku krónunnar 1991-2009. (Heimild: Seðlabankinn)

Mynd 9 sýnir þróun á raungengi íslensku krónunnar. Þegar raungengið lækkar veikist krónan. Sjávarútvegurinn bókar þá gengistap en framlegð og samkeppnisstaða batnar. Raungengið lækkaði nokkuð 1993-1994 en á þessum tíma voru litlar launahækkanir auk þess að gripið var til gengisfellingar.

Gengi íslensku krónunnar var látið fljóta í mars 2001. Hún veiktist þá verulega og lækkaði raungengið nokkuð. Síðan verður kollsteypa árið 2008 þegar gengi krónunnar hrynur og mikil lækkun verður á raungengi. Því er raungengi krónunnar nú mjög lágt og samkeppnistaða og framlegð íslensks sjávarútvegs góð.


### 3.7. Markaðstengsl og verðmætasköpun

Áhugavert er að skoða þróun sjávarútvegs síðan settur var á framseljanlegur kvóti árið 1991. Mikil samþjöppun hefur átt sér stað í sjávarútvegi bæði í veiðum og vinnslu. Í veiðum hefur togurum fækkað um 44% frá 1992 til 2007 og skipum með 96% kvóta hefur fækkað um 2/3 á sama tíma. Mesta samþjöppun í veiðum má sjá hjá 5 stærstu kvótahöfum en þeir höfðu 17% af heildarkvóta 1995 en 34% af kvóta 2007.

Mikil fjölgun varð á smábátum frá 1992 til 1995 er smábátum fjölgaði úr 427 í 1408 báta. Síðan þá hefur smábátum aftur fækkað verulega. Þessi fjölgun smábáta gerir það að verkum að skipum með kvóta hefur ekki fækkað um nema 186 frá 1992 til 2007. Svipaða sögu má sjá í vinnslu. Ef vinnsluleyfi eru borin saman þá hefur þeim fækkað mikið frá 1992 eða frá því að vera 402 í að vera 275 árið 2007. Á þessum

tíma hefur leyfum til saltfiskvinnslu fækkað um 97, í frystingu um 46, í sjófrystingu um 58 en aukning hefur orðið á leyfum til að vinna ferskan fisk eða um 27. Í mörgum tilfellum hefur samþjöppun orðið meiri í vinnslunni en þessar tölur gefa til kynna þar sem stuðst er við vinnsluleyfi og sum fyrirtæki hafa mörg vinnsluleyfi.

Þessari samþjöppun hafa einnig fylgt breytingar í virðiskeðju sjávarútvegs þar sem fyrirtækin eru orðinn stærri og meira um að fyrirtæki nái yfir öll þrep í virðiskeðjunni þ.e. veiðar, vinnslu og markaðssetningu. Afnáam útflutningsleyfa á níunda áratugnum (þau síðustu 1997) ásamt stærri fyrirtækjum ýtti undir þróun þess efnis að sjávarútvegsfyrirtæki sæju sjálf um sölu á sínum afurðum í stað stóru sölusamtakanna. Dæmi um þetta er að af 10 stærstu sjávarútvegsfyrirtækjunum sem hafa 51,7% af heildar kvóta eru öll lóðrétt samþætt þ.e. þau spanna allt frá veiðum til markaðssetningar.



**Mynd 10. Virðiskeðja þorsksveiða, -vinnslu og markaðssetningar**

Í rannsókn sem gerð var við Háskólann á Akureyri af Ögmundi Knútssyni, Helga Gestssyni og Ólafi Klemenssyni árin 2008 og 2009 á skipulagsgerð og verðmætasköpun í sjávarútvegi 2008-2009 var þróun sjávarútvegs skoðuð síðustu tvo áratugina. Þar var skoðað hvernig þróun á verðmætasköpun miðað við hráefniskostnað hefur breyst miðað við CIF útflutningsverð á Bretlandsmarkað. Þar komu í ljós nokkuð miklar breytingar sérstaklega varðandi fersk þorskflök þar sem verðmætaaukning á tímabilinu 1992-95 til 2000-05 var 92,4%. Einnig var verðmætaaukning mikil við sjófrystingu.

Annað sem vekur athygli við að skoða verðmætasköpun í íslenskum sjávarútvegi er samanburður á hvað mikið af verðmætasköpuninni verður til á Íslandi og hvað mikið

erlendis. Samanburður við eldri rannsóknir sýnir vísbendingu um að meira sé að verða eftir á Íslandi en áður var. Samanburður þessi er þó erfiður sökum lítilla rannsókna sem hafa verið gerðar á þessum vettvangi. Þessa þróun má meðal annars rekja til breytinga í virðis\_keðjunni sem orðið hefur á síðustu þremur áratugum. Fram til ársins 1997 er hægt að lýsa virðis\_keðjunni sem framleiðsludrifinni þar sem veiðar stýrðu meira og minna hvað var framaleitt og selt. Síðan stóru sjávarútvegsfyrirtækin tóku markaðsmál meira í sínar hendur hefur þetta snúist við og vísbendingar eru um að virðis\_keðjan sé mun markaðsdrifnari í dag, en áður var, þar sem aðstæður á markaði hafa meira um það að segja hvernig veiðum og vinnslu er háttað. Ástæður fyrir þessu má að einhverju leyti rekja til þeirrar lóðréttu samþættingar sem á sér stað í virðis\_keðjunni með því að fyrirtæki stjórna öllum þrepum í keðjunni þ.e. veiðum vinnslu og markaðsmálum. Þetta gerir fyrirtækjum kleift að bregðast hraðar við breytingum sem verða hvort sem þær eru á markaði eða vegna minnkandi kvóta eins og verið hefur. Þessi samþætting gerir fyrirtækjum kleift að hagræða í rekstri t.d. leggja skipum eða selja er kvóti minnkar.


Í fyrrnefndri rannsókn sem framkvæmd var við Háskólann á Akureyri á þróun í íslenskum sjávarútvegi og breytingum í virðis\_keðjunni kom í ljós að hún hefur breyst mikið á síðustu 20 árum. Megin breyting er að lóðrétt samþætt fyrirtæki stjórna nú meira af virðis\_keðjunni en áður með því að vera búin að yfirtaka fleiri þætti í keðjunni svo sem markaðsþáttinn. Samþjöppun í iðnaðinum gerir það að verkum að færri aðilar stjórna verðmætasköpuninni en áður. Eftir að útflutningsleyfi voru gefin frjáls og stóru sölusamtökin afnámu skilaskildu á framleiðslu kom fram tímabundin aukning í skammtímasölum þar sem seljendur leituðu eftir hæsta verði. Á síðustu árum hafa framleiðendur hins vegar forðast skammtímamarkaði. Í stað þess hafa þeir í flestum tilfellum komið sér upp langtíma samböndum við kaupendur sem byggja á samstarfi og trausti í beinum viðskiptum.

Fyrir 1997 er ljóst að íslenskur sjávarútvegur var drifinn áfram af veiðum og sölusamtökum í gegnum útflutningsleyfi. Í dag er atvinnugreinin markaðsdrifin og byggir hún á beinum tengslum framleiðenda við kaupendur. Þetta hefur aukið mikið á verðmætasköpun og opnað leið inn á nýja markaði, sérstaklega í Evrópu. Markaðstengsl eru því í auknum mæli farin að verða lykilatriði í að ná árangri í íslenskum sjávarútvegi.

### 3.8. Þróun á kvótaverði

Verð á aflahlutdeild (varanlegum kvóta) hefur mikil áhrif á efnahagslega stöðu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja. Mynd 11 sýnir verðþróun á aflahlutdeild á þorski. Myndin sýnir að verðið hækkaði nær stöðugt allt frá ársbyrjun 1995 þegar verðið var 260 kr./kg. til júní 2008 þegar verðið náði hámarki í 3.800 kr./kg. Frá toppi hefur verðið fallið mikið og er nú um 1.800 kr./kg og virðist hafa náð botni.

Hörður Sævaldsson (2007) greindi m.a. áhrifaþætti verðþróunar á aflhlutdeild. Hans niðurstöður voru að ástæður hækkana á verði aflahlutdeildar 1995-2001 hefði verið bætt afkoma fyrirtækjanna og breytingar á úthlutun heildarafla. Ástæður hækkunar á verði 2002-2007 hafi síðan verið vegna bætts aðgengis að lánsfé og ódýrara fjármagns. Í samræmi við þetta nær verð aflahlutdeildar hámarki um mitt ár 2008 en fellur mikið í kjölfar bankahrunsins. Verð aflahlutdeildarinnar lækkar seinni part ársins 2008 þrátt fyrir gengishrun krónunnar og aukna framlegð sem hefði undir eðlilegum kringumstæðum átt að leiða til hækkunar. Því hefur aðgengi að fjármagni verið lykilþáttur síðustu árin í þróun á verði aflahlutdeildar. Auk þessa er líklegt að óvissa um framtíð núverandi kvótakerfis hafi leitt til lækkana á verði aflahlutdeildar frá árinu 2008.



**Mynd 11. Þróun á verði aflahlutdeildar þorsks 1995-2010. (Heimild: Sjávarútvegsmiðstöð Háskólans á Akureyri)**

## 4. ÞRÓUN Á REKSTRI OG EFNAHAG

### 4.1. Rekstraryfirlit fiskveiða

Yfirleitt hefur verið hagnaður af íslenskum fiskveiðum. Þetta sést í töflu 1 en hún sýnir þróun helstu stærða úr rekstrareikningum fiskveiða 1997-2008. Þó skera nokkur ár sig úr, en nokkurt tap var árin 1997, 2000 og 2001. Ástæður fyrir tapi 2000-2001 eru einkum gengistap af langtímaskuldum í erlendri mynt sem í töflunni færast ásamt fleiru undir liðnum verðbreytingarfærsla og vextir. Verulegt tap var árið 2006 sem var vegna gengistaps en árið 2006 veiktist íslenska krónan um 15%. Síðan verður gríðarlegt tap 2008 sem enn og aftur er vegna gengistaps en árið 2008 veiktist íslenska krónan um 45%.


Tafla 1. Þróun helstu stærða rekstrarreiknings fiskveiða 1997-2008 í millj. SDR á meðalgengi hvers árs. (Heimildir: Hagstofan og Seðlabankinn)

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Tekjur alls	611	651	647	602	611	699	656	688	804	793	872	746
Gjöld alls	-508	-522	-527	-485	-462	-535	-516	-570	-647	-601	-685	-560
Framlegð (EBITDA)	104	128	120	117	149	164	140	118	157	193	187	187
Afskriftir	-82	-100	-99	-87	-70	-100	-115	-113	-97	-81	-74	-56
Verðbreytingarfærsla og vextir	-32	-36	-20	-76	-92	46	-1	21	34	-211	15	-917
Hreinn hagnaður (EBT)	-11	7	1	-46	-13	110	23	26	93	-100	128	-785

Þrátt fyrir miklar sveiflur í hagnaði vegna sveiflna á gegni íslensku krónunnar þá hefur framlegð útgerðarinnar verið nokkuð stöðug. Þetta sést vel á EBITDA hlutfallinu en það er sýnt ásamt hagnaðarhlutfallinu á mynd 12. Árið 1997 var EBITDA hlutfallið 17% en það var hæst árið 2008 25%. Þetta hlutfall mælir hversu hátt hlutfall tekna er eftir til að mæta afskriftum, vöxtum og skattgreiðslum. Athyglisvert er að íslensk útgerð hefur náð að hækka þetta hlutfall þrátt fyrir að einn helsti kostnaðarliðurinn, olía, hefur hækkað mikið. Árið 1997 var meðalverð olíu um 19 USD á tunnu en árið 2008 var það 91 USD. Þetta er gríðarmikil hækkun eða 378%. Árið 1997 var olíukostnaður 8,1% af rekstrartekjum en þetta hlutfall var 12,3% árið 2008.

Launakostnaður útgerðarinnar er mjög stöðugur enda eru laun sjómanna að mestu ákveðið hlutfall af aflaverðmæti. Samt hefur launahlutfallið, þ.e. launakostnaður í hlutfalli við rekstrartekjur, lækkað nokkuð. Þetta hlutfall var 39,7% 1997 en var

komið niður í 35,4% 2008. Útgerðin hefur náð að lækka annan kostnað eins og veiðafærakostnað, viðhaldskostnað o.fl. nokkuð samfelld frá árinu 1997.



**Mynd 12. Þróun á EBITDA- og hagnaðarhlutfalli íslenskra fiskveiða 1997-2008. (Heimild: Hagstofan)**

Hið gífurlega tap sem varð 2008 vekur athygli. Þetta ár veiktist krónan gífurlega eða um 45% og olli það gífurlegu gengistapi. Því voru gjaldfærðir fjármagnsliðir 123% af rekstrartekjum! Hagnaðarhlutfall þetta ár var því mjög slakt enda var tap útgerðarinnar 105% af tekjum ársins 2008 eins og sést á mynd 12. Hins vegar hefur EBITDA hlutfall aldrei verið eins hátt hjá útgerðinni og árið 2008 þegar það var 25%.

#### **4.2. Rekstraryfirlit fiskvinnslu**

Rekstur íslenskrar fiskvinnslu hefur gegnið vel undanfarið. Undantekningin er árið 2008 en þá er mikið tap vegna gríðarlegs gengistaps. Í töflu 2 er sýnt yfirlit yfir þróun helstu stærða úr rekstrareikningi vinnslunnar. Almenn er tap á rekstri vinnslunnar sömu ár og tap var á útgerðinni. Líkt og þar hafa sveiflur á gengi krónunnar mikil áhrif.

Tekjur vinnslunnar hafa hækkað nokkuð. Árið 1997 voru þær 808 millj. SDR en náðu síðan hámarki 2007 þegar þær voru 963 millj. SDR. Árið 2008 voru þær síðan 924 millj. SDR. Hækkun tekna á þessu tímabili er því 14,3%. Miklar sveiflur hafa verið í fjármagnsliðum en þessar sveiflur eru vegna gengistaps og gengishagnaðar á erlendum lánunum greinarinnar. Líkt og hjá útgerðinni er gífurlegt gengistap árið 2008 enda eru fjármagnsliðir (verðbreytingafærsla og vextir) um 52% af tekjum vinnslunnar.


**Tafla 2. Þróun helstu stærða rekstrarreiknings fiskvinnslu 1997-2008 í millj. SDR á meðalgengi hvers árs. (Heimildir: Hagstofan og Seðlabankinn)**

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Tekjur alls	808	810	748	668	749	824	803	896	862	880	963	924
Gjöld alls	-743	-731	-700	-612	-604	-759	-733	-831	-799	-762	-897	-767
Framlegð (EBITDA)	65	79	48	57	145	65	70	65	63	118	65	157
Afskriftir	-39	-37	-46	-44	-21	-24	-23	-29	-25	-22	-27	-28
Verðbreytingarfærsla og vextir	-20	-17	-15	-43	-60	47	8	16	1	-119	20	-476
Hreinn hagnaður (EBT)	6	26	-13	-30	64	88	55	52	39	-23	58	-347

Eins og hjá útgerðinni þá hefur rekstur fiskvinnslunnar verið sæmilega stöðugur þrátt fyrir miklar sveiflur í hreinum hagnaði (EBT) sem verið hafa vegna gengissveiflna. Þessi stöðugleiki sést á EBITDA hlutfallinu sem er einna besti mælikvarðinn á árangurinn í rekstri. Þetta hlutfall mælir hversu hátt hlutfall tekna er eftir til að mæta afskriftum, vöxtum og skattgreiðslum. Hæst var þetta hlutfall 2001 en þá var það 19%. Það ár var gegni krónunnar veikt, veiðar miklar og verð sjávarafurða fremur hátt. Allt stuðlaði að góðum rekstri og háu EBITDA hlutfalli. Lægst var þetta hlutfall árið 1999 þegar það var einungis 6%. Þá voru veiðar litlar, sérstaklega loðnuveiðar, en EBITDA hlutfall loðnubræðslna er hærra en annarra greina fiskvinnslunnar. Verð sjávarafurða var einnig lágt.

Stærsti kostnaðarliður fiskvinnslunnar eru kaup á hráefni. Hið svokallaða hráefnishlutfall segir hversu hátt hlutfall kaup á hráefni séu af tekjum fiskvinnslunnar. Þetta hlutfall hefur sveiflast nokkuð þetta tímabil. Það var 53% 1997, fór hæst í 63% 2002, en var síðan komið niður í 55% 2008. Veruleg lækkun á launakostnaði hefur orðið hjá fiskvinnslunni. Launakostnaður var 16% af tekjum vinnslunnar 1997. Fór hæst í 20% af tekjum 2005 en var komið niður í 12% af tekjum 2008. Þessi lækkun hefur orðið vegna hagræðingar sem leitt hefur til aukinna afkasta og fækkunar á störfum. Auk þessa leiðir mikil lækkun á gengi krónunnar árið 2008 til lækkunar þessa hlutfalls.





**Mynd 13. Þróun á EBITDA- og hagnaðarhlutfalli íslenskrar fiskvinnslu 1997-2008. (Heimild: Hagstofan)**

Á mynd 13 er sýnd þróun á EBITDA og hagnaðarhlutfalli vinnslunnar. Þessi mynd er um margt lík samsvarandi mynd (mynd 12) þar sem þróun sömu hlutfalla var rakin hjá útgerðinni. Samt vekur athygli að minni sveiflur virðast vera í afkomu vinnslunnar en afkomu útgerðarinnar. Ef þetta er skoðað nánar þá er staðalfrávik hagnaðarhlutfalls útgerðarinnar þetta tímabil 32% sem er gríðarlega hátt en staðalfrávik hagnaðarhlutfalls vinnslunnar er 13%. Líklegasta skýringin er sú að útgerðin sé hlutfalllega skuldsettari og því hafi gengisbreytingar hlutfallslega meiri áhrif á afkomu og fjármagnsliði hennar.

### **4.3. Dreifing hagnaðarhlutfalls**

Tafla 3 sýnir dreifingu hagnaðarhlutfalls eftir tekjum fyrirtækjanna. Öll þessi ár hefur meirihluti fyrirtækjanna (mælt eftir tekjum) verið rekinn með hagnaði nema árin 2006 og 2008. Yfirgnæfandi hluti íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja, um 80,5%, mælt með tekjum var rekinn með tapi árið 2008. Hins vegar var reksturinn bestur árið 2002 enda voru þá um 90,4% af sjávarútvegsfyrirtækjum rekinn með hagnaði.

**Tafla 3. Dreifing hagnaðarhlutfalls íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja eftir tekjum fyrirtækjanna 2001-2008. (Heimild. Hagstofan)**

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
< -10%	3,3%	2,4%	0,8%	4,1%	6,5%	33,3%	5,3%	73,4%
-10 - (-5%)	6,4%	2,8%	0,1%	1,3%	6,7%	23,1%	4,4%	5,9%
-5 - 0%	29,8%	4,4%	11,2%	11,6%	10,0%	16,5%	6,2%	1,2%
0 - 5%	32,4%	16,7%	31,4%	28,4%	19,5%	11,2%	11,9%	13,8%
5 - 10%	22,6%	3,6%	40,8%	17,3%	30,5%	9,3%	4,4%	1,1%
10 - 15%	2,2%	14,4%	4,7%	27,6%	11,9%	2,7%	37,4%	1,9%
15 - 20%	1,1%	12,7%	6,1%	7,5%	5,6%	1,0%	17,0%	0,2%
20 - 25%	0,5%	32,2%	4,1%	1,4%	3,2%	0,5%	7,7%	0,1%
> 25%	1,7%	10,8%	0,8%	0,9%	6,1%	2,3%	5,8%	2,4%

#### 4.4. Þróun efnahags

Í töflu 4 er yfirlit yfir þróun á helstu tölum efnahagsreiknings íslensks sjávarútvegs 1997-2008. Vegna þess að yfirgnæfandi hluti skulda sjávarútvegsins er í erlendum myntum (um 90-93%). Tekjur greinarinnar eru nær allar í erlendri mynt og vegna þess að gífurlegar sveiflur hafa verið í gengi íslensku krónunnar, þá telja höfundar skýrslunnar eðlilegast að skoða þróun efnahagsreikningsins í SDR.

Í töflunni sést að efnahagsreikningur íslensks sjávarútvegs hefur stækkað mikið, eignir hafa hækkað og skuldir hafa aukist. Aukning skulda hefur verið meiri en eigna og því hefur bókfært eigið fé greinarinnar þurrkast út. Í heildina hefur efnahagsreikningur íslensks sjávarútvegs stækkað um 55% árin 1997-2008 ef stærð hans er mæld í SDR. Hins vegar hefur stærð efnahagsreikningsins hækkað um 201%, sem sagt rúmlega þrefaldast ef stærð hans er mæld í ISK.

Stækkun efnahagsreikningsins í SDR verður vegna fjárfestinga. Mest aukning er í öðrum eignum en þær hækka um 507% á þessu tímabili (1997-2008) mælt í SDR en um 1075% ef hækkunin er mæld í ISK. Undir öðrum eignum eru aflaheimildir þannig að hækkun þessa liðar hefur einkum verið vegna fjárfestinga í aflaheimildum. Athyglisvert er að varanlegir rekstrarfjármunir hækka ekki á þessum tímabili. Til varanlegra rekstrarfjármuna teljast meðal annars skip, tæki og hús. Mælt í SDR lækkar þessi liður um 46% en hækkar einungis um 4% mælt í ISK. Því hefur stækkun

efnahagsreiknings og aukin skuldsetning íslensks sjávarútvegs ekki verið vegna fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum.

**Tafla 4. Þróun helstu stærða efnahagsreiknings íslensks sjávarútvegs 1997-2008 í millj. SDR á árslokagengi hvers árs. (Heimildir: Hagstofan og Seðlabankinn)**

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
<b>1. Veltufjármunir</b>	379	370	520	374	424	441	537	693	672	635	795	524
1.1 Sjóður og bankainnistæður	59	65	63	51	55	58	112	188	182	191	271	150
1.2 Viðskiptakröfur og víxlar	156	161	216	123	208	206	257	345	269	242	247	194
1.3 Birgðir	141	122	133	162	140	143	148	154	162	141	163	140
1.4 Aðrir veltufjármunir	24	22	109	37	21	34	20	7	60	61	114	40
<b>2. Fastafjármunir</b>	1.346	1.501	1.687	1.573	1.440	1.652	1.843	2.401	3.221	3.066	3.633	2.155
2.1 Áhættufjárm. og langtímakröfur	201	197	290	272	264	365	439	453	740	764	1.021	661
2.2 Varanlegir rekstrarfjármunir	986	1.070	1.116	948	846	872	863	1.023	1.105	875	911	530
2.3 Aðrar eignir	159	234	280	353	329	415	541	925	1.376	1.427	1.702	963
<b>3. Eignir = Skuldir + Eigið fé</b>	1.725	1.871	2.207	1.947	1.864	2.093	2.380	3.094	3.893	3.701	4.429	2.679
<b>4. Skuldir</b>	1.271	1.430	1.611	1.481	1.411	1.439	1.671	2.162	2.748	2.778	3.308	2.997
4.1 Skammtímaskuldir	405	426	492	455	443	474	549	561	735	583	803	671
4.2 Langtímaskuldir	866	1.004	1.119	1.026	968	966	1.122	1.601	2.013	2.195	2.506	2.326
<b>5. Eigið fé</b>	454	441	596	466	453	654	709	931	1.145	923	1.120	-318
<b>Nettóskuldir (heildarskuldir-veltufjármunir)</b>	892	1.060	1.091	1.107	987	998	1.134	1.469	2.076	2.143	2.513	2.473

Það verður athygli að bókfært eigið fé íslensks sjávarútvegs þurrkast út árið 2008. Í árslok 2007 var það um 1.120 millj. SDR en er orðið neikvætt um 318 millj. SDR í árslok 2008. Ástæður þessa er hrún krónunnar en 45% lækkun á gengi hennar leiddi til mikilla hækkana á skuldum meðan að virði eigna í íslenskum krónum var óbreytt.

Við athugun á töflu 4 vekur athygli sú mikla aukning skulda sjávararútvegsins sem taflan sýnir. Best er að skoða skuldir greinarinnar með því að athuga þróun á nettóskuldum. Nettóskuldir eru heildarskuldir að frádragnum veltufjármunum. Nettóskuldir leiðréttu því fyrir sveiflum á skuldsetningu sem verður t.d. vegna birgðasöfnunar. Í árslok 1997 voru nettóskuldir íslensks sjávarútvegs samkvæmt tölum Hagstofunnar 892 millj. SDR sem þá var 87 ma. ISK. Í árslok 2008 voru nettóskuldir íslensks sjávarútvegs samkvæmt sömu heimildum 2.473 millj. SDR sem þá var 465 ma. ISK. Þetta er því 437% hækkun eða rúmlega 5 földun á skuldum í ISK

en 177% hækkun í SDR. Því er ljóst að efnahagsleg staða greinarinnar hefur stórversnað á þessu tímabili.

Þegar rýnt er í töfluna kemur í ljós að árið 2003 verða kaflaskil. Árin þar á undan var lítil breyting á heildarskuldum íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja. Ákveðin umpólun veður svo árið 2003 við einkavæðingu stórs hluta íslenska bankakerfisins. Aðgengi íslenskra fyrirtækja að lánsfé eykst og í framhaldi vex skuldsetning þeirra. Sú þróun verður síðan í íslenskum sjávarútvegi líkt og öðrum greinum íslensks atvinnulífs að skuldsetning eykst mikið. Erfitt er að meta nákvæmlega í hvaða fjárfestingar þessi mikla skuldaaukning hefur farið frá árinu 2003. Mat eins banka var að hækkun skulda (sem ekki varð vegna gengishrunsins 2008) síðustu ár hafi verið 60% vegna kaupa á veiðiheimildum. Um 30% vegna fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum, 5% vegna fjárfestinga í ótengdum rekstri og 5% vegna taps á gjaldeyris- og afleiðuviðskiptum. Annar banki taldi að ástæður yfirskuldsetningar sjávarútvegsfyrirtækja væri 54% vegna kaupa á aflaheimildum. Um 31% væri vegna fjárfestinga í ótengdum rekstri en 15% vegna taps á gjaldeyris- og afleiðuviðskiptum. Okkar niðurstaða er sú að hækkun skulda frá 2003, sem ekki er vegna gengishruns krónunnar 2008, hafi verið 50-60% vegna kaupa á aflaheimildum. Við áætluðum að 20-30% hafi verið vegna fjárfestinga í ótengdum rekstri og afgangurinn 10-15% vegna taps á gjaldeyris- og afleiðuviðskiptum. Þar sem varanlegir rekstrarfjármunir hækka ekki á þessum tíma í SDR þá er það mat okkar að þær fjárfestingar hafi ekki hækkað skuldir íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja frá árinu 2003.


Áhugavert er að skoða dreifingu eiginfjárlutfalls. Eiginfjárlutfall er kennitalan eigið fé/heildareignir. Því sýnir hún fjármögnun fyrirtækja og hversu mikil hún sé með eigin fé. Athygli vekur þegar taflan er skoðuð að stór hluti íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja er með neikvætt eiginfjárlutfall, þ.e. eigið fé er neikvætt og eru því bókfærðar eignir minni en skuldir. Tafla 5 sýnir dreifingu eiginfjárlutfalls eftir fjölda og tekjum. Taflan bendir til þess að stærstu félögin séu með eiginfjárlutfall sem þarna er flokkað í meðalstöðu. Það sést á því að stærstur hluti tekna flokkast í meðalstöðu. Meiri dreifing er á fjölda eftir flokkun á eiginfjárlutfalli. Það bendir til þess að staða minni sjávarútvegsfyrirtækja sé mjög breytileg. Afar slæm hjá mörgum en einnig góð hjá allnokkrum.

Tafla 5. Dreifing eiginfjárlutfalls íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja í árslok 2008. (Heimild: Hagstofan)

	Hlutfall af fjölda	Hlutfall af tekjum
Í verstu stöðu (eiginfjárlutfall lægra en -50%)	31,87%	13,90%
Í meðalstöðu (á bilinu -50% til 25%)	30,04%	61,60%
Í bestu stöðu (eiginfjárlutfall hærra en 25%)	38,10%	24,60%

#### 4.5. Þróun á skuldastöðu


Til þess að átta sig betur á skuldastöðu íslensks sjávarútvegs er eðlilegt að setja skuldir í samhengi við tölur úr rekstrarreikningi. Þá sjást skuldir í betra samhengi við umfang rekstrar, breytingar vegna gengisbreytinga leiðréttast að nokkru og því verður myndin skýrari. Þegar nettóskuldir (heildarskuldir-veltufjármunir) eru settar í samanburð við heildartekjur (ekki er leiðrétt fyrir innlögðum eigin afla) og útflutningsverðmæti kemur sláandi þróun í ljós. Nettóskuldir íslensks sjávarútvegs voru 90% af útflutningstekjum ársins 1997 en voru komnar í 272% af útflutningstekjum árið 2008. Þessi þróun sést vel á mynd 14.



Mynd 14. Þróun á helstu skuldakennitölum íslensks sjávarútvegs 1997-2008. (Heimild: Hagstofan)

Sú kennitala sem er mest notuð, og segir skýrustu sögu um þróun á skuldastöðu greinarinnar er kennitalan nettóskuldir/EBITDA. Þessi kennitala segir okkur því gróft til tekið hversu mörg ár félagið væri að greiða uppi skuldir ef allir fjármunir sem reksturinn byggir til færi til greiðslu skulda og engar vaxtagreiðslur væri. Almennt er talið að hjá góðum fyrirtækjum með traustan fjárhag þá sé þessi kennitala undir 4,0 en ef hún sé komin yfir 10,0 þá sé skuldastaðan óviðráðanleg. Misjafnt er þó eftir atvinnugreinum hversu há þessi kennitala má vera þar sem lítil endurfjárfestingaþörf er og félög búa við lágan fjármagnskostnað þá má þessi kennitala vera hærri. Hvorugt á nú við um íslenskan sjávarútveg og því eru þessi mörk sem áður voru nefnd vel við hæfi. Árið 1997 voru nettóskuldir/EBITDA 5,2 en þessi kennitala var síðan hagstæðust árið 2001 þegar hún var 3,6. Í árlök 2008 var þessi kennitala síðan komin í 9,8 og skuldastaða greinarinnar í heild mjög slæm.

Áhugavert er að bera skuldastöðu sjávarútvegsins saman við skuldastöðu annarra fyrirtækja í öðrum atvinnugreinum. Á mynd 15 er sýndur samanburður á skuldastöðu sjávarútvegsins við fimm þekkt fyrirtæki. Myndin sýnir kennitöluna nettóskuldir/EBITDA og bendir myndin til þess að staða orkufyrirtækjanna sé verst. Þó ber að taka fram að orkufyrirtækin tvö þ.e., Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur, eru ekki fyllilega samanburðarhæf þegar þessi kennitala er skoðuð. Orkufyrirtækin þola meiri skuldsetningu en önnur fyrirtæki í þessum samanburði vegna hlutfallslega minni endurfjárfestingarþarfar og mun lægri fjármagnskostnaðar. Þau eru samt mjög skuldug, sérstaklega Orkuveita Reykjavíkur, en staða hennar er orðin slæm.



**Mynd 15. Nettóskuldir/EBITDA nokkurra fyrirtækja og íslensks sjávarútvegs. (Heimildir: Heimasíður fyrirtækjanna, Kauphöll Íslands og Hagstofan)**

Þau þrjú rekstrarfélög (Marel, Össur og Bakkavör) sem sýnd eru á myndinni eru fyllilega sambærileg við sjávarútveginn við mat á skuldastöðu. Hjá slakasta rekstrarfélaginu Bakkavör var skuldastaðan örlítið lakari en hjá 20 stærstu sjávarútvegs fyrirtækjunum. Hins vegar var staðan verri hjá sjávarútveginum í heild en hjá Bakkavör ef eingöngu er horft á kennitöluna í samanburðinum. Aðeins tvö íslensk sjávarútvegsfyrirtæki þ.e. Vinnlustöðin og HB-Grandi birta opinberlega uppgjör á heimasíðum sínum. Staða þeirra er góð í þessum samanburði, en hún er mun betri en meðaltal greinarinnar.

#### **4.6. Skuldastaða stærstu fyrirtækjanna**

Tuttugu stærstu íslensku sjávarútvegsfyrirtækin ráða yfir 67,2% af heildarkvóta íslensks sjávarútvegs. Við förum yfir nýjustu ársskýrslur þeirra og mátum í framhaldi getu þeirra til að standa undir núverandi skuldum. Við förum yfir helstu kennitölur og mátum hvort fjármunamyndun rekstrarins stæði undir skuldunum. Auk þessa förum við yfir styrk efnahags þeirra þ.e. hvort raunverulegt eigið fé væri til staðar hjá félögunum. Það fólst aðallega í því að endurreikna eigið fé og kanna hvert eigið fé væri þegar veiðiheimildir væru færðar til áætlaðs markaðsverðs.

Staða félaganna er mjög mismundandi en helstu niðurstöður sjást í töflu 6. Tvö þessara tuttugu félaga eru í raun skuldlaus. Hjá þeim voru veltufjármunir hærrí en heildarskuldir. Þau eru því í mjög góðri fjárhagsstöðu. Hins vegar eru þrjú þessara tuttugu félaga að okkar dómi nú í óviðráðanlegri skuldastöðu. Þau hafa um 5,3% af heildarkvóta íslensk sjávarútvegs sem er 7,9% af kvóta 20 stærstu fyrirtækjanna. Hjá þeim þarf að koma til verulegrar endurskipulagningar efnahagsreiknings og afskrifta skulda ef rekstur þeirra á að halda áfram. Í heildina benda okkar athuganir til að einungis sé góð staða (góð eða skuldlaus) hjá 40% af fjölda 20 stærstu félaganna og þessi félög séu með 44,6% af kvóta stærstu félaganna.

**Tafla 6. Skuldastaða tuttugu stærstu íslensku sjávarútvegsfélaganna og mat okkar á getu þeirra til að standa undir núverandi skuldastöðu.**

Skuldastaða	Hlutfall af fjölda félaga	Hlutfall af kvóta 20 stærstu
Skuldlaus	10%	8,8%
Góð staða	30%	35,8%
Erfið staða	45%	47,5%
Óviðráðanleg staða	15%	7,9%
Samtals	100%	100%

Bankarnir hafa einnig lagt mat á stöðu íslenskra sjávarútvegsfélaga. Í heildina má segja að þeirra mat sé að af 50 stærstu félögunum séu um 24% af fjölda þeirra með óviðráðanlega fjárhagsstöðu og stefni í gjaldþrot. Hins vegar séu þessi félög ekki með nema um 10% af heildarkvótanum. Aftur á móti séu um 34% af fjölda 50 stærstu sjávarútvegsfyrirtækjanna í góðri stöðu en þessi félög eru með um 54% af heildarkvótanum.

Þessar niðurstöður benda til erfiðrar stöðu stórs hluta stærstu fyrirtækjanna. Einnig benda upplýsingar frá bönkunum til að staða smærri fyrirtækja sé slæm, líklega heldur verri en stærstu fyrirtækjanna.

#### ***4.7. Geta greinarinnar til að standa undir skuldum***

Áhugavert er að setja íslenskan sjávarútveg upp sem eina heild og skoða getu hans til að standa undir núverandi skuldum. Við göngum út frá svipuðum rekstrarforsendum og voru árið 2008. Það á við um að helstu áhrifaþættir á afkomu verði svipaðir og þá var. Miðað er við eftirfarandi forsendur:



- Ekki er gert ráð fyrir gengisbreytingum og verðlagshækkunir eru ekki inni í útreikningum. Gengi krónunnar er nú veikt og bendir margt til þess að það verði það áfram. Ef gengið styrkist þá lækkar framlegð (EBITDA) greinarinnar sem skerðir getu hennar til að greiða af skuldir. Hins vegar lækka skuldirnar við styrkingu krónunnar og vegur það nokkuð á móti. Ekki er hægt að spá fyrir um gengi gjaldmiðla og því verður gengið út frá óbreyttu gengi.
- EBITDA árið 2008 var samtals hjá fiskveiðum og –vinnslu 47,5 ma. kr. Þetta er hæsta EBITDA sem verið hefur síðustu ár. Gert er ráð fyrir að atvinnugreinin nái sömu EBITDA (í upphæð) næstu árin. Þetta er raunhæf forsenda að okkar mati. Fiskverð náði botni seinni hluta ársins 2008 en var hátt fyrri þess árs. Því er eðlilegt að gera ráð fyrir svipuðu verði áfram og var 2008. Líklegt er að afli mikilvægra fiskistofna eins og t.d. afli á þorski sé nú í lágmarki og því þurfi ekki að gera ráð fyrir áframhaldi aflasamdrætti. Hins vegar gæti íslenska krónan styrkst og það valdið lækkun á EBITDA en ekki er hægt að spá fyrir um þróun gjaldmiðla og því verður ekki gert ráð fyrir styrkingu krónunnar hér.
- Gert er ráð fyrir að fjármagnskostnaður íslensks sjávarútvegs fari hækkandi. Við áætlum að raunvextir lána atvinnugreinarinnar séu nú um 2%. Við gerum ráð fyrir að raunvextirnir verði komnir í 7% eftir sjö ár og verði það áfram árin þar á eftir. Til samanburðar þá er ávöxtunarkrafa verðtryggðra íslenskra ríkisskuldabréfa núna 3,6%. Íslenskur sjávarútvegur hefur líkt og annað íslenskt atvinnulíf búið við mjög lágan fjármagnskostnað. Atvinnugreinin hefur tekið erlend lán með breytilegum vöxtum. Þessir vextir eru nú í lágmarki og líklegt að þeir fari hækkandi. Auk þess er öruggt að vaxtaálag íslenskra fyrirtækja hækki og verði ekki það sama og það var áður í náninni framtíð. Næstu árin greiða íslensk sjávarútvegsfyrirtæki af lánnum, taka ný lán og endursemja um lán í vanskilum. Því mun fjármagnskostnaður þeirra, þ.e. raunvextir, fara hækkandi.
- Árleg endurfjárfestingarþörf er áætluð 13 ma. kr. Afskriftir eru góður mælikvarði á endurfjárfestingarþörf. Frá árinu 2005 hafa aflaheimildir almennt ekki verið afskrifaðar í reikninum sjávarútvegsfyrirtækja og því hafa afskriftir frá þeim tíma verið vegna fastafjármuna. Að meðaltali voru afskriftir 10,8 ma. kr. 2005-2008. Við metum endurfjárfestingarþörf nokkru hærri en afskrifir síðustu ára. Ástæður þessa eru gengisfall krónunnar en fall

hennar veldur því að núverandi afskriftir eru ekki í samræmi við kostnað við endurnýjun skipa, tækja og búnaðar.

- Nettóskuldir sjávarútvegsins eru áætlaðar 465 ma. kr. Þetta er sú tala sem var í árslok 2008 samkvæmt gögnum Hagstofunnar. Frá þeim tíma hafa litlar breytingar verið á gengi íslensku krónunnar, hún er nú um 2,5% veikari en hún var þá. Vegna þess að yfir 90% af skuldunum er í erlendum gjaldmiðlum er nær öruggt að skuldir atvinnugreinarinnar eru nú nálægt 465 ma. kr.
- Ekki er gert ráð fyrir neinum sköttum og arðgreiðslum til eiganda fyrirtækjanna.

Auk þess að skoða sjávarútveginn í heild gerðum við sömu útreikninga á tuttugu stærstu sjávarútvegsfyrirtækjunum. Kannað var hversu lengi félögin væru að greiða upp allar skuldir miðað við áðurgreindar forsendur. Félögin eru flokkuð í fjóra flokka þ.e. skuldlaus félög, félög í góðri stöðu, félög í erfiðri stöðu og félög í vonlausri stöðu. Notaðar eru sömu forsendur og áður um EBITDA, fjármagnskostnað og o.fl. og eru niðurstöðurnar sýndar í töflu 7.

Mismundandi staða sést vel í töflu 7. Af 20 stærstu félögum eru félögin í góðri stöðu að meðaltali 4,4 ár að greiða upp skuldir miðað við áðurnefndar forsendur um EBITDA, fjármagnskostnað og endurfjárfestingu. Í þessum flokki er 30% af fjölda stærstu félaganna og þau hafa um 35,8% af kvóta stærstu félaganna. Hins vegar er skuldastaða félaganna sem flokkuð eru í erfiðri stöðu slæm. Þau eru að meðaltali 18,8 ár að greiða upp skuldir. Í þessum flokki eru 9 af 20 stærstu félögum, þ.e. 45% í fjölda, og hafa þau 47,5% af aflaheimildum stærstu félaganna til umráða. Félög í óviðráðanlegri stöðu ná aldrei að greiða upp núverandi skuldir miðað við áðurnefndar forsendur – enda er skuldastaða þeirra ósjálfbær. Í þessum flokki eru 15% af fjölda 20 stærstu félaganna, þ.e. þrjú félög, og hafa þau 7,9% af kvóta þeirra stærstu.

Áhugavert er að bera saman 20 stærstu félögin og sjávarútveginn í heild. Þau stærstu eru samkvæmt töflunni 14,3 ár að meðaltali að greiða upp skuldir en sjávarútvegurinn í heild 25,9 ár. Þar sem 20 stærstu félögin eru með 67,2% aflaheimilda og eru leiðandi í rekstri alls sjávarútvegsins þá er ljóst að staða minni félaga er mun lakari en þeirra stærri. Einnig er ljóst að stærri félögin eru flest í erfiðri stöðu og skuldastaða sjávarútvegsins í heild er mjög slæm.

Í samræmi við greiningu okkar á stærstu fyrirtækjunum og mat frá bönkunum höfum við flokkað íslensk sjávarútvegsfyrirtæki í fjóra flokka. Við áætluðum að 8%-12% af

aflaheimildum sé nú hjá félaglögum sem eru í óviðráðanlegri stöðu. Félög í erfiðri stöðu áætluð við að hafi 45%-50% af aflaheimildum. Félög í góðri stöðu áætluð við að séu með 30%-35% af aflaheimildum og skuldlaus félög, þ.e. félög sem hafa engar nettóskuldir, teljum við að séu með 8%-10% af aflaheimildum.

**Tafla 7. Yfirlit yfir fjárhagsstöðu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja.**

Skuldastaða félaganna	Fjöldi ára að greiða upp skuldir í núverandi kerfi	Áætlað hlutfall fjölda félaga (20 stærstu)	Áætlað hlutfall kvóta (20 stærstu)	Áætlað hlutfall kvóta (Allur sjávarútvegurinn)
Skuldlaus	0	10,0%	8,8%	8%-10%
Góð staða	4,4	30,0%	35,8%	30%-35%
Erfið staða	18,8	45,0%	47,5%	45%-50%
Óviðráðanleg staða	Aldrei	15,0%	7,9%	8%-12%
Tuttugu stærstu félögin	14,3			
Allur sjávarútvegurinn	25,9			

## 5. ÁHRIF INNKÖLLUNARLEIÐARINNAR

Hægt er að útfæra innköllun aflaheimilda íslenskra útgerðarfyrirtækja á ýmsan hátt. Hún getur verið mishröð en einnig línuleg eða „geometrísk“. Við könnum áhrif 5% árlegrar innköllunar á kvóta á stöðu íslensks sjávarútvegs. Innköllunin er línuleg en þá er hún hlutfallslega meiri af því sem eftir er seinni part tímans. Settar voru upp fjórar sviðsmyndir varðandi endurúthlutun þess kvóta sem er innkallaður.

- Sviðsmynd A. Allur innkallaður kvóti er settur á uppboð og boðinn hæstbjóðanda.
- Sviðsmynd B. Allur innkallaður kvóti boðinn núverandi kvótahöfum til endurleigu á háu leiguverði, sem hér er 50 krónur á kíló af þorskígildi.
- Sviðsmynd C. Allur innkallaður kvóti boðinn núverandi kvótahöfum til endurleigu á hóflegu leiguverði, sem hér er 20 krónur á kíló á þorskígildi.
- Sviðsmynd D. Helmingurinn af innkölluðum kvóta er settur á uppboð og boðinn hæstbjóðanda en afgangurinn boðinn núverandi kvótahöfum til endurleigu á hóflegu leiguverði, þ.e. 20 krónur á kíló.


### 5.1. Sviðsmynd A, allur innkallaður kvóti settur á uppboð

#### *Áhrif á efnahag*

Eðlilegt er byrja að skoða áhrif þessarar útfærslu innköllunarleiðarinnar á stöðu efnahags fyrirtækjanna. Í gögnum Hagstofunnar kemur fram að meirihluti íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja sé nú með neikvætt bókfært eigið fé. Hins vegar er raunverulegt eigið fé félaganna yfirleitt jákvætt en ástæða þessa eru sú að fiskveiðiheimildir hafa gengið kaupum og sölum og hafa því ákveðið markaðsverði. Verðmæti þeirra er lágt í bókum félaganna. Því áætluð við að enn séu flest íslensk sjávarútvegsfyrirtæki með jákvætt eigið fé þ.e. eignir þeirra, sem einkum felast í veiðiheimildum, séu hærri en virði skulda þegar eignir eru metnar á markaðsverði.

Innköllun hefur veruleg áhrif á verðmæti veiðiheimilda. Mynd 16 sýnir samhengi vísitölu verðs aflaheimilda og innköllunarhlutfalls. Ef kvóti er ekki innkallaður heldur eillíf eign hefur vísitala á virði kvóta gildið 1,0. Hins vegar við 5% árlega innköllun hefur vísitalan gildið 0,43 þegar núvört er með 7% ávöxtunarkröfu. Þetta þýðir að kvóti sem hefur virðið 1000 kr. /kg. fyrir innköllun á að lækka strax í 430 kr./kg. þegar ákveðið er að innkalla núverandi kvóta á 20 árum. Ef innköllun er 10% þ.e. kvótinn

er innkallaður á 10 árum er vísitalan 0,25 þ.e. 75% af verðmætum kvótans hverfa strax við ákvörðunina.



**Mynd 16. Virði kvóta og innköllumarhlutfall þegar núvirt er með 7% ávöxtunarkröfu.**

Hér má nefna að samfara innköllum mætti hugsa sér að rýmka reglur um hver má eiga fiskveiðikvóta. Ef fiskvinnslur, sveitarfélög og fleiri íslenskir aðilar mættu eiga kvóta myndi það líklega gera virði hans eitthvað meira. Hversu mikið er erfitt að segja og er það ekki metið hér.

Áhrif innköllumar eru nú skoðuð hjá einstökum félögum. Tekin eru tvö raunveruleg félög og áhrif 5% árlegrar innköllumar á efnahag þeirra skoðuð. Annað félagið flokkast sem gott, þ.e. skuldastaða þess er góð og félagið á nokkuð auðveldlega að geta staðið undir núverandi skuldastöðu í núverandi kerfi. Staða félagsins er aðeins verri en meðaltal þeirra félaga sem flokkuð eru í góðri stöðu af 20 stærstu félögum.

**Tafla 8. Yfirlit yfir áhrif 5% innköllumar á efnahagsreiknings dæmigerðs félags í góðri stöðu.**

(í milljónum kr.)	Bókfært	Endurmetið	Virði eftir innköllum
<b>Varanlegar fiskveiðiheimildir</b>	3.613	23.427	10.144
<b>Aðrir fastafjármunir</b>	3.245	3.245	3.245
<b>Samtals fastafjármunir</b>	6.858	26.672	13.389
<b>Veltufjármunir</b>	2.751	2.751	2.751
<b>Samtals eignir</b>	9.609	29.423	16.140
<b>Samtals skuldir</b>	11.486	11.486	11.486
<b>Eigið fé</b>	-1.877	17.937	4.654
<b>Eiginfjárlutfall</b>	-19,5%	61,0%	28,8%

Taflan 8 sýnir áhrif innköllunar á efnahag félags sem flokkað er í góðri stöðu. Taflan sýnir að félagið er nú með neikvætt bókfært eigið fé. Hins vegar þegar aflaheimildir eru endurmetnar til áætlaðs markaðsverðs breytist það. Við mat á virði kvóta var miðað við þorskígildiskvóta félaganna á öllum aflaheimildum. Miðað var við að verð kvóta í þorskígildum væri 15% lægra en áætlað verð þorskkvóta en verð þorskkvóta hefur verið heldur hærra en annarra tegunda. Þorskígildið var því metið á 1.530 kr. á kg. Allur kvóti var metinn sem eign, þ.e. veiðiheimildir innan og utan efnahaglögsögunnar voru metnar til verðmæta. Eftir endurmatið er félagið með endurmetið eiginfjárlutfall uppá 61,0% og efnahagur þess er þá orðinn sterkur. Þetta félag þolir innköllunina, þ.e. það er ennþá með jákvætt eigið fé þegar virði aflaheimilda er fært niður um 57% sem gerist strax við innköllunina.

Framkvæmt var samskonar endurmat og sýnt eru í töflu 8 á önnur félög sem flokkuð eru í góðri stöðu af 20 stærstu sjávarútvegsfélögunum. Niðurstaðan var svipuð hjá þeim öllum. Öll réðu við 20 ára innköllun aflaheimilda. Lægst var endurmetið eiginfjárlutfall eftir innköllun 10,9% hjá einstöku félagi en hæst 47,8%. Því þolir efnahagur félaga í þessum flokki 5% árlega innköllun.

Í framhaldi var staða þeirra félaga sem flokkuð eru í erfiðri stöðu athuguð. Dæmigert félag í erfiðri stöðu var skoðað og sýnir tafla 9 þær niðurstöður. Taflan sýnir að félagið er með miklar skuldir en eiginfjárlutfall er nú neikvætt um 53,3%. Hins vegar þegar aflaheimildir eru endurmetnar til áætlaðs markaðsverð lagst staðan verulega og eigið fé þá áætlað 30,7%. Þetta er ein ástæða þess að þetta félag telst rekstrarhæft og bankar virðast tilbúnir til að fjármagna rekstur þess áfram. Hins vegar verður endurmetið eigið fé félagsins neikvætt við 20 ára innköllun aflaheimilda. Þá má gera ráð fyrir að bankar hætti að fjármagna fyrirtækið, enda eignir orðnar minni en skuldir við tilkomu innköllunarleiðarinnar og rekstur félagsins stöðvist.

Tafla 9. Yfirlit yfir áhrif 5% innköllunar á efnahagsreikning dæmigerðs félags í erfiðri stöðu.

(í milljónum kr.)	Bókfært	Endurmetið	Virði eftir fyrningu
<b>Varanlegar fiskveiðiheimildir</b>	3.819	13.287	5.753
<b>Aðrir fastafjármunir</b>	2.689	2.689	2.689
<b>Samtals fastafjármunir</b>	6.508	15.976	8.442
<b>Veltufjármunir</b>	1.306	1.306	1.306
<b>Samtals eignir</b>	7.814	17.282	9.748
<b>Samtals skuldir</b>	11.978	11.978	11.978
<b>Eigið fé</b>	-4.164	5.304	-2.230
<b>Eiginfjárlutfall</b>	-53,3%	30,7%	-22,9%

Við athuguðum í framhaldi öll félög af tuttugu stærstu sem við skilgreindum í erfiðri skuldastöðu. Af þeim níu félögum sem við skilgreindum í erfiðri skuldastöðu er einungis eitt þar sem efnahagurinn þolir 5% innköllun. Það félag var með endurmetið eiginfjárlutfall eftir innköllun uppá 32,2%. Öll önnur átta félögin voru með neikvætt endurmetið eigið fé og því órekstrarhæf eftir innköllun aflaheimilda.

Það er niðurstaða okkar að efnahagur félaga sem flokkast sem skuldlaus eða í góðri stöðu þoli 20 ára innköllun. Í þessum flokki eru um 38%-45% af íslenskum sjávarútvegi (mælt í tekjum og aflaheimildum). Hins vegar er það skoðun okkar að efnahagur félaga sem flokkuð eru í erfiðri stöðu þoli ekki 20 ára innköllun aflaheimilda nema í undantekningartilfellum. Í þessum flokki eru 40-50% af íslenskum sjávarútvegi. Það sem eftir stendur af greininni eru 8-12% sem eru nú þegar í óviðráðanlegri stöðu og verða áfram og við 5% árlega innköllun.

### *Áhrif á rekstur*

Kannað var hversu lengi félögin væru að greiða upp skuldir miðað við 20 ára innköllun. Ekki var gert ráð fyrir neinum kaupum á innkölluðum kvóta í þessum samanburði. Líkt og áður var sjávarútvegurinn flokkaður í fjóra flokka þ.e. skuldlaus félög, félög í góðri stöðu, félög í erfiðri stöðu og félög í óviðráðanlegri stöðu. Notaðar eru sömu forsendur og hér áður voru raktar um fjármagnskostnað, skatta og o.fl. Þó eru tvær mikilvægar breytingar en þær snúast um árlega endurfjárfestingarþörf og framlegð (EBITDA). Vegna þess að kvóti er innkallaður þá minnkar árleg endurfjárfestingarþörf. Félögin geta frestað fjárfestingu og jafnvel selt

frá sér varanlega rekstrarfjármuni. Gengið er út frá því að árleg endurfjárfestingarþörf sé helmingi minni en í núverandi kerfi í þessu tilfalli. Við skerðingu aflaheimilda lækkar EBITDA. Við gerum ráð fyrir línulegri lækkun EBITDA þ.e. að hún lækki um 5% á ári. Í raun gæti lækkun EBITDA orðið hraðari en fyrningarprósentan vegna þess að ákveðin rök eru fyrir því að meiri framlegð sé af seinasta þorskinum, sem skipið veiðir, en þeim fyrsta.

**Tafla 10. Áhrif 20 ára innköllun á getu íslenskra félaga til að standa undir núverandi skuldum.**

Skuldastaða félaganna	Fjöldi ára að greiða upp skuldir í núverandi kerfi	Áætlað hlutfall fjöldafélaga (20 stærstu)	Áætlað hlutfall kvóta (20 stærstu)	Áætlað hlutfall kvóta (Allur sjávar- útvegurinn)	Sviðmynd A. Fjöldi ára að greiða upp skuldir (innköllun og ekkert keypt)
<b>Skuldlaus</b>	0	10,0%	8,8%	8%-10%	<0
<b>Góð staða</b>	4,4	30,0%	35,8%	30%-35%	4,6
<b>Erfið staða</b>	18,8	45,0%	47,5%	45%-50%	Aldrei
<b>Óviðráðanleg staða</b>	Aldrei	15,0%	7,9%	8%-12%	Aldrei
<b>Tuttugu stærstu félögin</b>	14,3				Aldrei
<b>Allur sjávarútvegurinn</b>	25,9				Aldrei

Niðurstöðurnar sjást í töflu 10. Hún sýnar að félag í erfiðri stöðu nær aldrei að greiða upp skuldir sína við 20 ára innköllun kvóta. Skuldirnar fara vaxandi og félögin fara í þrot. Hins vegar ráða félögin í góðri stöðu við 20 ára innköllun. Ekki er mikill munur á þeim árafjölda sem þau þurfa til að greiða upp skuldir en ástæða þessa er sú að minni endurfjárfestingarþörf kemur þeim til góða. Félög í óviðráðanlegri stöðu eru dauðadæmd í dag og verða það að sjálfsögðu áfram við 20 ára innköllun.

### ***Niðurstaða sviðsmynd A***

Það er niðurstaða okkar að 20 ára innköllun leiði til gjaldþrots sjávarútvegsfyrirtækja sem ráða yfir 40%-50% af aflaheimildum og eru samsvarandi hlutfall af tekjum greinarinnar. Þessi félög eiga í dag sæmilega möguleika á að standa undir núverandi skuldum en staða þeirra verður vonlaus strax og innköllunarleiðin er farin. Hins vegar þola 38%-45% af íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum 20 ára innköllun. Efnahagsleg staða þeirra er það sterk að þau þola að núverandi aflaheimildir séu innkallaðar á 20 árum.



Eins og tekið er fram er hér ekki gert ráð fyrir neinum kaupum á innkölluðum kvóta. Það er í sjálfu sér líklegt að fyrirtækin geti aukið framlegð sína eitthvað með því að hafa aðgang að kvóta á uppboðsmarkaði. Er þá miðað við að allur innkallaður kvóti sé boðinn upp á hverju ári eða eitthvað í þeim dúr. Þannig geta sjávarútvegsfyrirtækin stillt kvóta sinn betur að afkastagetu þeirra varanlegu rekstrarfjármuna (skipa, tækja og húsa) sem þau hafa til umráða. Með öðrum orðum er líklegt að jaðarábati af keyptum kvóta verði meiri en verð hans í einhverjum tilfellum, sérstaklega á fyrstu tonnunum. Ef kvóti á uppboði er hlutfallslega lítill verður þessi hagnaður þó lítill því verðið á kvótanum mun ráðast af því að margir hafa mikinn hag af því að bæta aðeins meiru við sig. Verðið verður þá hátt og hagnaðurinn lítill. Með meira magni af kvóta á uppboðsmarkaði verður verðið líklega lægra og útgerðir sem hafa aukalega afkastagetu munu hafa jaðarábata umfram kostnað af því að bæta við sig einhverju takmörkuðu magni af kvóta. Frekari rannsóknir þarf til að meta þessi áhrif og rúmast þær ekki innan vinnunnar við þessa skýrslu.


Hins vegar er það niðurstaða okkar að fyrirtæki sem við flokkum í erfiðri stöðu eigi litla möguleika á því að keppa á frjálsum markaði um endurúthlutaðan kvóta. Því ráði þau ekki við þessa útfærslu innköllunarleiðarinnar og fari í þrot.

## **5.2. Sviðsmynd B og C**

Þessi sviðsmynd flest í því að allur kvóti er innkallaður línulega um 5% á ári. Í þessum sviðsmyndum gerum við ráð fyrir að innkölluðum kvóta sé úthlutað til núverandi handhafa aflaheimildanna. Kvótaverð er hátt, þ.e. 50 kr. á þorskígildi í sviðsmynd B en lægra, þ.e. 20 kr. á þorskígildi í sviðsmynd C. Þessi sviðsmynd er ákveðin útfærsla innköllunarleiðarinnar en virkar eins og ákveðið form af auðlindagjaldi. Við gerum ráð fyrir að 80% af gjaldinu komi til lækkunar á EBITDA en 20% tækju fyrirtækin á sig í formi aukinnar hagræðingar. Þetta hlutfall er mjög óvisst en líklegt er að með þrengri rekstrarskilyrðum yrði skilningur allra aðila meiri á enn frekari hagræðingu í greininni. Hagræðingu sem nú nýtur ekki skilnings vegna þess að litið er svo á að útgerðin hafi efni á hinu og þessu. Einnig má hugsa sér að samfara innköllun yrði dregið úr stýringu á því hvernig leyfður afli er veiddur. Það eitt og sér gæti leitt til hagræðingar í veiðum.

Áhugavert er að skoða þróun á gjaldinu miðað við þessar forsendur. Mynd 17 sýnir hvernig þetta gjald þróast við 5% árlega innköllun. Það er lægst í byrjun en verður

komið í 5 ma. kr. eftir 10 ár ef gjaldið er 20 kr. á þíg en nær 5 ma. kr. eftir 4 ár ef gjaldið er 50 kr. á þíg. Til að átta sig á umfangi gjaldsins má nefna að afli Íslendinga var 468 þús. tonn í þorskígildum árið 2008. Það ár var samtals EBITDA íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja 47,5 ma. kr. Því var EBITDA á þorskígildiskíl 101,5 kr. Því væri 20 kr. gjald um 20% af framlegð (EBITDA) greinarinnar eftir 20 ár og 50 kr. gjald á þorskígildi um 50% af núverandi framlegð greinarinnar.



**Mynd 17. Þróun á „auðlindagjaldi“ við 20 ára innköllun og mismundandi „auðlindagjald“.**

Niðurstöður þessarar sviðmyndar er að greinin virðist almennt þola að kaupa innkallaðan kvóta á 20 kr. hvert þorskígildi. Félögin í erfiðri stöðu rétt ráða við þetta gjald en sá tími sem þau þurfa til að greiða upp allar skuldir eykst úr 18,8 árum í 23,7 ár. Gjaldið er mjög lítið til að byrja með, einungis 468 millj. kr. fyrsta árið en eftir 5 ár er það komið í 2.340 millj. kr. hjá allri atvinnugreininni. Þetta verð (20 kr. á þorskígildi) leiðir ekki til kollsteypu á efnahag. Kvótaverð á að lækka við þessa stigvaxandi gjalddöku um 11,2% ef gert er ráð fyrir 7% ávöxtunarkröfu.

Hins vegar þolir greinin ekki 50 kr. gjald á innkallað þorskígildi. Félögin sem eru í erfiðri stöðu mundu yfirleitt ekki ráða við þetta gjald og ekki ráða við skuldir. Skuldir mundu hlaðast upp og þau færu í gjaldþrot. Þetta verð (50 kr. á þorskígildi) leiðir til verulegrar rýrnunar á verðmæti kvóta en kvótaverð ætti strax að lækka um 27,9% við þetta gjald. Því færi nokkur hluti félaga í erfiðri stöðu strax í þrot. Þessi sviðsmynd leiðir því til svipaðra áhrifa og sviðmynd A, þ.e. hún leiðir til gjaldþrots 40%-50% íslensks sjávarútvegs að okkar mati.

Tafla 11. Áhrif 20 ára innköllunar á getu íslenskra félaga til að standa undir núverandi skuldum ef kvótanum er endurúthlutað á 20 kr./þíg eða 50 kr./þíg.

Skuldastaða félaganna	Fjöldi ára að greiða upp skuldir í núverandi kerfi	Sviðsmyn C. Fjöldi ára að greiða upp skuldir (20 kr. endurleiga)	Sviðsmynd B. Fjöldi ára að greiða upp skuldir (50 kr. endurleiga)	Áætlað hlutfall félaga (20 stærstu)	Áætlað hlutfall kvóta (20 stærstu)
Skuldlaus	0	0	0	10,0%	8,8%
Góð staða	4,4	4,6	4,9	30,0%	35,8%
Erfið staða	18,8	23,7	Aldrei	45,0%	47,5%
Óviðráðanleg staða	Aldrei	Aldrei	Aldrei	15,0%	7,9%
Tuttugu stærstu félögin	14,3	16,5	27,2		
Allur sjávarútvegurinn	25,9	40,8	Aldrei		

### 5.3. Sviðsmynd D

Þessi sviðsmynd felst í því að kvótinn er innkallaður á 20 árum. Helmingurinn af innkölluðum kvóta er settur á uppboð og boðinn hæstbjóðanda en afgangurinn er boðinn núverandi kvótahöfum til endurleigu á hóflegu verði sem í þessu tilfalli er 20 krónur á þorskígildiskíló. Ekki var gert ráð fyrir neinum kaupum á kvóta á markaði í þessum samanburði.

Niðurstöður hér eru svipaðar og áður, félögin í góðri stöðu ráða við þessa útfærslu. Hins vegar ráða félögin í erfiðri stöðu ekki við hana.

Tafla 12. Áhrif 20 ára innköllunar á getu íslenskra félaga til að standa undir núverandi skuldum ef helmingur af kvótanum er settur á uppboð en afgangur boðinn núverandi kvótahöfum á 20 kr./þíg

Skuldastaða félaganna	Fjöldi ára að greiða upp skuldir í núverandi kerfi	Sviðsmynd D.		
		Fjöldi ára að greiða upp skuldir (innköllun ekkert keypt og helmingi endurúthlutað á 20 kr.)	Áætlað hlutfall félaga (20 stærstu)	Áætlað hlutfall kvóta (20 stærstu)
<b>Skuldlaus</b>	0	0	10,0%	8,8%
<b>Góð staða</b>	4,4	4,6	30,0%	35,8%
<b>Erfið staða</b>	18,8	Aldrei	45,0%	47,5%
<b>Óviðráðanleg staða</b>	Aldrei	Aldrei	15,0%	7,9%
<b>Tuttugu stærstu félögin</b>	14,3	Aldrei		
<b>Allur sjávarútvegurinn</b>	25,9	Aldrei		

#### 5.4. Áhrif innköllunar á félög í erfiðri stöðu

Okkar niðurstöður sýna að innköllun aflaðeimilda hefur mest áhrif á félög sem flokkuð eru í erfiðri stöðu. Því er ástæða að skoða hvert og eitt þessara níu félaga sem eru í þeim flokki af tuttugu stærstu félögunum. Í töflu 13 er yfirlit yfir áhrif mismundi sviðsmynda á öll félögin.

Taflan sýnir að öll þessi níu félög eiga einhverja möguleika á að standa undir núverandi skuldum. Staðan er þó erfið hjá þeim flestum. Hins vegar ræður ekkert þeirra við sviðsmynd A sem felst í 20 ára innköllun og uppboði á innkölluðum aflaðeimildum. Einungis tvö ráða við sviðsmynd B og sömu félög ráða við sviðsmynd D. Flest ráða hins vegar við sviðsmynd C sem felst í 20 kr. gjaldi á endurúthlutaðar aflaðeimildir.

Tafla 13. Yfirlit yfir áhrif mismunandi sviðsmynda á þau sjávarútvegsfyrirtæki sem flokkast í erfiðri stöðu.

		A	B	C	D
	Fjöldi ára að greiða upp skuldir í núverandi kerfi	Fjöldi ára að greiða upp skuldir (innköllun og ekkert keypt)	Fjöldi ára að greiða upp skuldir (50 kr. endurleiga)	Fjöldi ára að greiða upp skuldir (20 kr. endurleiga)	Fjöldi ára að greiða upp skuldir (fyrning ekkert keypt og helmingi endurúthlutað á 20 kr.)
<b>Fyrirtæki 1</b>	11,7	Aldrei	17,0	13,0	18,1
<b>Fyrirtæki 2</b>	13,1	Aldrei	25,5	16,1	32,6
<b>Fyrirtæki 3</b>	24,7	Aldrei	Aldrei	36,7	Aldrei
<b>Fyrirtæki 4</b>	25,1	Aldrei	Aldrei	37,5	Aldrei
<b>Fyrirtæki 5</b>	26,4	Aldrei	Aldrei	42,8	Aldrei
<b>Fyrirtæki 6</b>	26,7	Aldrei	Aldrei	43,2	Aldrei
<b>Fyrirtæki 7</b>	35,6	Aldrei	Aldrei	Aldrei	Aldrei
<b>Fyrirtæki 8</b>	35,8	Aldrei	Aldrei	Aldrei	Aldrei
<b>Fyrirtæki 9</b>	36,2	Aldrei	Aldrei	Aldrei	Aldrei

### 5.5. Hægari innköllun

Við könnuðum áhrif hægari innköllunar þ.e. við skoðum áhrif 40 ára innköllunar á núverandi aflaheimildum. Við notuðum sömu forsendur og við mat á 20 ára innkölluninni, nema endurfjárfestingarþörf var hækkuð nokkuð vegna hægari innköllunar auk þess sem lækkun EBITDA var hægari. Niðurstaða okkar er sú að félag í erfiðri stöðu nær að meðaltali ekki að greiða upp skuldir við svo langa innköllun. Hins vegar eru áhrifin af svo hægri innköllun mjög óljós og áhrif á efnahag fremur lítil.

### 5.6. Óvissa og annmarkar

Hafa verður í huga að þegar útreikningar eru gerðir eins og í þessari skýrslu þá geta þeir aðeins sýnt áætlun á raunverulegu ástandi og horfum. Óvissan er að sjálfsgöðu mikil, sérstaklega þegar verið er að reyna að áætlað áhrif langt fram í tímann, jafnvel áratugi. Reynslan hefur sýnt að sveigjanleiki og aðlögunarhæfni íslensks sjávarútvegs er mikil. Líklegt má telja að ef reikningar um rekstrarhorfur sjávarútvegsins hefðu verið gerðir fyrir áratug eða svo og settar inn þær forsendur

að eftir nokkur ár myndi þorskvóti fara lægst niður í 130 þús tonn samfara því að olíuverð færi upp í 140 USD/tunnu þá hefðu þeir reikningar sýnt fjöldagjaldprot í greininni og nánast sviðna jörð. Það gerðist hins vegar ekki. Greininni tókst furðu vel að aðlaga sig nýjum aðstæðum.

## 6. NIÐURSTÖÐUR

Íslenskur sjávarútvegur hefur þurft að taka á sig verulega aflaminnkun síðustu áratugi. Frá árinu 1991 hefur afli minnkað um þriðjung í þorskígildum. Á sama tíma hefur verð sjávarafurða í raun staðið í stað eða lækkað að raungildi. Þrátt fyrir það hefur verðmæti útfluttra sjávarafurða lítið dregist saman að raunvirði. Mikil hagræðing hefur orðið í greininni. Sérstaklega í vinnslunni en mikil fækkun hefur verið á vinnsluleyfum og fjölda starfsfólks. Minni hagræðing hefur verið í útgerðinni. Mikil samþjöppun hefur verið í aflaheimildum og hefur fyrirtækjum því fækkað og þau stækkað.

Fyrir 1997 var íslenskur sjávarútvegur drifinn áfram af veiðum og sölusamtökum í gegnum útflutningsleyfi. Í dag er atvinnugreinin markaðsdrifin sem byggir á beinum tengslum framleiðenda við kaupendur. Þetta hefur aukið mikið verðmætasköpun og opnað leið inn á nýja markaði. Markaðstengsl eru því í auknum mæli farin að verða lykilatriði í að ná árangri í íslenskum sjávarútvegi. Mikilvægt er að horft sé til þessara markaðstengsla við mögulega útfærslu fyrirningarleiðar og hún skerði ekki þá stöðu sem fyrirtæki hafa náð hvað þetta varðar.

Yfirleitt hefur verið hagnaður af íslenskum sjávarútvegi. Þó skera nokkur ár sig úr. Verulegt tap var árið 2006 sem var vegna gengistaps en árið 2006 veiktist íslenska krónan um 15%. Síðan verður gríðarlegt tap 2008 sem enn og aftur er vegna gengistaps en árið 2008 veiktist íslenska krónan um 45%. Hins vegar hefur framlegð (EBITDA) greinarinnar verið stöðug og farið vaxandi. Hæst var framlegð greinarinnar árið 2008 síðustu tvo áratugi.

Skuldir íslenska sjávarútvegsfyrirtækja hafa aukist mikið síðustu ár. Í árslok 1997 voru nettóskuldir íslensks sjávarútvegs samkvæmt tölum Hagstofunnar 892 millj. SDR sem þá var 87 ma. ISK. Í árslok 2008 voru nettóskuldir íslensks sjávarútvegs samkvæmt sömu heimildum 2.473 millj. SDR sem þá var 465 ma. ISK. Þetta er því 437% hækkun eða rúmlega 5 földun á skuldum í ISK en 177% hækkun í SDR. Því er ljóst að efnahagsleg staða greinarinnar hefur stórversnað á þessu tímabili. Við áætlum að 8%-12% af aflaheimildum (og þá tekjum) sé nú hjá félaglögum sem eru í óviðráðanlegri skuldastöðu. Félög í erfiðri stöðu áætlum við að hafi 45%-50% af aflaheimildum. Félög í góðri stöðu áætlum við að séu með 30%-35% af aflaheimildum og skuldlaus félög, þ.e. félög sem hafa engar nettóskuldir, telja höfundar skýrslunnar að séu með 8%-12% af aflaheimildum.

Innköllun aflaheimilda hefur mikil áhrif á rekstur og efnahag íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja. Það er niðurstaða okkar að 20 ára innköllun fiskveiðiheimilda leiði til gjaldþrots sjávarútvegsfyrirtækja sem ráða yfir 40%-50% af aflaheimildum og eru þau samsvarandi hlutfall af tekjum greinarinnar. Þessi félög eru í dag í erfiðri stöðu en eiga sæmilega möguleika á að standa undir núverandi skuldum. Staða þeirra verður hins vegar vonlaus strax og innköllunarleiðin er farin. Hins vegar þola sjávarútvegsfyrirtæki sem ráða yfir 38%-45% aflaheimilda 20 ára innköllun. Efnahagsleg staða þeirra er það sterk að þau þola að núverandi aflaheimildir séu innkallaðar á 20 árum. Það sem eftir stendur af greininni eru 8-12% sem eru nú þegar í óviðráðanlegri stöðu og verða áfram og við 5% árlega innköllun.

Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki þola það almennt ef innköllunarleiðin er útfærð þannig að innkallaður kvóti verði seldur á 20 kr. hvert þorskígildi til núverandi handhafa fiskveiðiheimildanna. Vegna eðlis innköllunarinnar er þessi gjaldtaka lítil til að byrja með en eykst eftir því sem tíminn líður. Hins vegar þolir greinin illa ef þetta gjald er 50 kr. á hvert þorskígildi af innkölluðum kvóta. Félög í erfiðri stöðu ráða yfirleitt ekki við svo hátt gjald og leiðir það til gjaldþrots þeirra.



## HEIMILDIR

Ársreikningaskrá (2009). Ársskýrslur 20 stærstu sjávarútvegsfyrirtækjanna.

Bakkavör (2009). Ársskýrsla 2009. Sótt 12. apríl 2009 af: [www.bakkavor.com](http://www.bakkavor.com)

Fiskistofa (2009). Tölur um afla og kvóta. Sótt af: [www.fiskistofa.is](http://www.fiskistofa.is)

Hagstofan (2009). Tölur um afkomu, afla, verðþróun o.fl. Sótt af: [www.hagstofan.is](http://www.hagstofan.is)

HB-Grandi (2008). Ársskýrsla 2008. Sótt 12. apríl 2009 af: [www.hbgrandi.is](http://www.hbgrandi.is)

Hörður Sævaldsson (2007). Áhrifapættir á verð þorskaflaheimilda. Óbirt handrit, sótt 20. apríl 2009 af: <http://hdl.handle.net/1946/815>

Knútsson, Ö., Klemensson, Ó. And Gestsson, H (2009) Changes in strategic positioning in the Icelandic fish industry's value chain. Ingjaldur Hannibalsson (eds.): Rannsóknir í félagsvísindum X (Researches in the Social Sciences X). Reykjavík: Institute of Social Sciences.

Landsvirkjun (2009). Ársskýrsla 2009. Sótt 12. apríl 2009 af: [www.landsvirkjun.is](http://www.landsvirkjun.is)

Marel (2009). Ársskýrsla 2009. Sótt 12. apríl 2009 af: [www.marel.is](http://www.marel.is)

Orkuveita Reykjavíkur (2009). Ársskýrsla 2009. Sótt 20. apríl 2009 af: [www.or.is](http://www.or.is)

Seðlabanki Íslands (2009). Gengisþróun, raungengi o.fl. Sótt af: [www.sedlabanki.is](http://www.sedlabanki.is)

Vinnslustöðin (2008). Ársskýrsla 2008. Sótt 20. apríl 2009 af: [www.vsv.is](http://www.vsv.is)

Össur (2009). Ársskýrsla 2009. Sótt 12. apríl 2009 af: [www.ossur.com](http://www.ossur.com)